

A 1798/välfärd

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um rafræna lyfseðla á Norðurlöndum**Tillögur**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandabúar geti leyst út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum

að rafrænir lyfseðlar frá Norðurlöndum gildi innan Evrópusambandsins

Bakgrunnur

Innan Norðurlanda á að vera einfalt að ferðast, sækja vinnu yfir landamæri, flytjast búferlum og stunda atvinnu. Eigi það að ganga greiðlega verður að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi. Í því efni þarf að taka til hendinni á öllum sviðum, meðal annars í heilbrigðisþjónustunni.

Örðugt reynist að fá lyf afhent í Noregi sem ávísað er í Svíþjóð ef ekki er framvísað lyfseðli. Svíar hafa að miklu leyti skipt út lyfjaávisunum á pappír fyrir rafrænar ávísanir. Læknar ávísa lyfjum með því að senda upplýsingar um þau í apótek með rafrænum hætti. Sjúklingar leysa út lyfin í næstu lyfjaverslun. Einnig er hægt að óska eftir endurnýjun lyfseðils hjá lækni í síma eða á netinu. Sjúklingar geta því verið á faraldsfæti innanlands, í sumarbústað eða vinnu og endurnýjað lyfseðil sinn og leyst út lyfin. Gleymi þeir aftur á móti lyfjunum heima þegar þeir sækja vinnu yfir landamæri, fara í vinnuferð eða frí innan Norðurlanda geta þeir ekki fengið þau afhent í næsta apóteki - nema þeir hafi hefðbundinn lyfseðil í höndunum. Sjúklingar verða í slíkum tilvikum að komast aftur til heimalands síns.



Til að auðvelda og einfalda Norðurlandabúum afgreiðslu lyfja er brýnt að rafrænar lyfseðlar verði nothæfir alls staðar á Norðurlöndum.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Annette Lind (S)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Gunilla Carlsson (S)

Ingalill Olsen (A)

Jorodd Asphjell (A)

Karin Gaardsted (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Tony Wikström (ÅSD)